

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76, 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1989:

Kjósarsýsla:

Birkihlíð á nýbýli í landi Úlfarsár, Mosfellsbæ.

Víðigrund á skógræktarbýli í landi Laugabóls, Mosfellsbæ.

Suðurhlíð á loðdýrabúi í landi Úlfarsfells, Mosfellsbæ.

Árnessýsla:

Reykjakot II á garðyrkjubýli í landi Reykjakots, Ölfusi.

Austurey III á nýbýli í landi Austureyjar I, Laugardalshreppi.

Miðbær á nýbýli í landi Miðfells II, Hraunamannahreppi.

Kjarnholt III á þjónustubýli í landi Kjarnholta I, Biskupstungnahreppi.

Eyvík II á nýbýli í landi Eyvíkur, Grímsneshreppi.

Dalasýsla:

Sælingsdalstunga á bæ í stað nafnsins Garður, Hvammshreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Mörðuvellir IV á smábýli í landi Möðruvalla II, Hörgárdal.

Mörðuvellir V á smábýli í landi Möðruvalla II, Hörgárdal.

Mörðuvellir III á smábýli í landi Möðruvalla II, Hörgárdal.

Mörðuvallakot á loðdýrabúi í stað nafnsins Möðruvellir IV, Mörðuvöllum IV, Hörgárdal.

Rangárvallasýsla:

Hárlaugsstaðir II á nýbýli í landi Hárlaugsstaða, Ásahreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Mikligarður á Þjónustubýli í landi Hátúns II, Seyluhreppi.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1989.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.

Nr. 654

29. desember 1989

REGLUGERÐ

um breyting á mjólkurreglugerð nr. 35/1986.

1. gr.

1. t.l. ákvæða til bráðabirgða til fullnustu ákvæða reglugerðarinnar orðist svo:
1. Við fjós þar sem ekki eru fyrir hendi haughús, sbr. 17. gr. 5. t.l. er mjólkurframleiðendum veittur frestur til 1. janúar 1991 til að fullnægja þeim ákvæðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum nauðsynjavörum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.